

## Mb. vegna heildarendurskoðunar umferðarlaga 19.11. 2008/ss

Þar sem undirrituð er fulltrúi í nefnd um heildarendurskoðun umferðarlaga og kemur einnig sem forstöðumaður flutningasviðs SVP beint að breytingum á reglugerðum sem undir lögin heyra tel ég mér skylt að benda á eftirfarandi.

Síðustu vikur hafa verið birt drög á vef ráðuneytisins að tveimur nýjum reglugerðum á grundvelli gildandi umferðarlaga. Annars vegar drög að nýrri reglugerð um skoðanir ökutækja og hins vegar drög að nýrri reglugerð um flutning á hættulegum farni.

Fulltrúi SVP hefur á kynningarfundum um drög að nýjum reglugerðum með samgönguráðuneyti og umferðarstofu látið í ljósi þá skoðun að umræddar breytingar á reglugerðum þyrfti að skoða í samhengi við heildarendurskoðun umferðarlaga enda augljóst að efnislega er brýnt að horfa á umrædd málefni heildstætt. Ráðuneytið hefur ekki tekið undir það mat undirritaðrar og því er ástæða til að ítreka það skriflega með skýrum hætti.

Undirrituð sendi hugleiðingar um 44. – 87 gr. umferðarlaga í minnisblaði til nefndarinnar 24. sept. síðastliðinn. Ekki voru gerðar breytingatillögur við einstakar greinar og eru rökin fyrir því sú að greinarnar sem um ræðir í umferðarlögum eru valdframsalsgreinar til frekari ákvörðunar ráðherra. Valdaframsalið í lögunum er mjög vítt og því eru grundvallarreglurnar í reglugerðunum sem um ræðir viðamiklar og skiptir útfærsla ráðherra á þeim miklu máli fyrir alla sem undir viðkomandi málaflokk heyra.

Undirrituð hefur á síðustu tveimur árum átt mjög mikil samskipti við samgönguráðuneytið og undirstofnanir þess með athugasemdir við margt af því sem þessar greinar umferðarlaga og reglugerðir á grundvelli þeirra fjalla um. Ótal bréf, tölvupóstar, minnisblöð og símtöl hafa átt sér stað vegna sömu mála, jafnvel formlægir og óformlegir fundir þar sem viðkomandi málefni hafa verið rædd og því má gera ráð fyrir að ráðuneytið sé mjög vel upplýst um hvar þörf er á ígrundaðri heildarendurskoðun á viðkomandi málefnum.

Þessi mál eru m.a. eftirfarandi en listinn er ekki tæmandi:

- Aksturs- og hvíldartímareglur atvinnubílstjóra
- Framkvæmd og útfærsla íslenskra stjórnvalda á eftirliti, sektum og punktum vegna brota á viðkomandi reglum
- Fyrirkomulag kennslu til að kenna til ADR réttinda
- Hvernig menn öðlast réttindi til að kenna öikumönnum til ADR réttinda?
- Framboð ADR námskeiða og hverjir fá að halda þau?
- Eftirlit með flutningabílum á vegum
- Hver fer með eftirlitið?
- Er kerfið eins einfalt og hægt er eða er ástæða til að endurskoða það?
- Hvert er markmið eftirlitsins?
- Er tryggt að eftirlitsaðilar hafi fjármagn til að sinna fullnægjandi eftirliti?
- Er tryggt að eftirlitsaðilar hafi sérþekkingu til að sinna eftirliti?

Í þessu minnisblaði verða ekki lagðar fram breytingatillögur við lagagreinarnar sem um ræðir enda málin sem um ræðir þess eðlis að þau þarfnast vandaðrar og vel ígrundaðrar skoðunar frá mörgum hliðum áður en efnislegar tillögur eru lagðar fram.

Það er mat undirritaðrar að það sé augljós þörf á að skoða drög að reglugerðum um skoðanir ökutækja og um flutning á hættulegum farni í samhengi með heildarendurskoðun umferðarlaga og því er lagt til að beðið verði með birtingu viðkomandi reglugerða þar til heildarendurskoðun liggur fyrir.

Signý Sigurðardóttir  
fulltrúi SVP í nefnd um heildarendurskoðun umferðarlaga